

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd

Kópavogur, 17. mars 2020.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt (milliverðlagning), 594. mál

Deloitte ehf. („**Deloitte**“) kom á framfæri ábendingum til fjármála- og efnahagsráðuneytisins þegar drög að þessu frumvarpi voru lögð fram til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda. Frumvarpið tók þó nokkrum breytingum til batnaðar eftir það ferli, m.a. með lækkun á hámarki sekta og skyldu til frekari lækkunar ef fyrirtæki bæta úr annmörkum á skjölun innan tiltekins frests. Deloitte vill þó ítreka tvo mikilvæga þætti.

Annars vegar telur Deloitte tilefni þessarar lagasetningu nú sem áður vanreifaða. Greinargerðin rökstyður á engan mælanlegan máta að fyrirtæki séu að vanrækja skyldur sínar samkvæmt 5. mgr. 57. gr. og þá hvort yfirleitt sé þörf á umræddri sektarbeitingu. Er þetta á skjön við Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa, þar sem segir að mat á nauðsyn lagasetningar eigi að stuðla að því að frumvörp séu byggð á sem bestum upplýsingum um forsendur.

Sambærileg sjónarmið voru lögð fram í umsögn Skattrannsóknarstjóra við þau frumvarpsdrög sem gerð voru aðgengileg í samráðsgátt stjórnvalda, þar sem embættið lagðist gegn þessari sektartillögu. Kröfur um vandaða lagasetningu eiga sérstaklega við um „*nýbreytni í íslenskum skattarétti*“ eins og greinargerðin lýsir þessari heimild, sér í lagi núna í því óvissuástandi sem ríkir.

Þá eru þegar viðurlög til staðar í lögum um tekjuskatt, sem eru í formi beitingar álags ofan á vantalda skattstofna og refsinga ef skattaðilar láta ekki tiltekin skjöl Skattinum í té. Um þetta var einnig fjallað ítarlega í áðurnefndri umsögn Skattrannsóknarstjóra, en þar segir m.a. „... og er því fyrir hendi refsíákvæði sem veitir aðhald hvað varðar skjölunarskyldu samkvæmt 5. mgr. 57. gr.“ Telur Deloitte því fullt tilefni vera til að staldra við og endurmeta þessar fyrirætlanir.

Hins vegar er það mat Deloitte, ef nefndin telur þörf á innleiðingu umrædds ákvæðis þrátt fyrir ofangreint, að taka verði skýrt fram að ákvæðið feli ekki í sér afturvirkni samanber athugasemdir Samtaka atvinnulífsins við þau frumvarpsdrög sem gerð voru aðgengileg í samráðsgátt stjórnvalda.

Virðingarfyllt,
f.h. Deloitte ehf.